

# STJÓRNARTÍÐINDI A 25 – 1995

31. október 1995

673

Nr. 117

## LÖG

**um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „1. nóvember 1995“ í A-lið ákvæðis til bráðabirgða með lögnum, sbr. 2. gr. laga nr. 99/1995, kemur: 1. desember 1995.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 31. október 1995.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Halldór Ásgrímsson.*

31. október 1995

Nr. 118

## LÖG

**um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Umsögn til ráðherra um umsóknir um markaðsleyfi“ í 2. tölul. 3. mgr. kemur: Útgáfu markaðsleyfa.
- b. Í stað orðanna „Umsögn til ráðherra um umsóknir“ í 3. tölul. 3. mgr. kemur: Afgreiðslu umsókna.

Gutenberg